



Minnisblað vegna Miðbæjarathvarfs á Menningarnótt þann 22. ágúst 2026

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (starfsmanna félagsmiðstöðva), miðstöðva velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Miðbæjarathvarfið starfar á grundvelli 92. greinar barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk þess er að stemma stigu við því að börn séu eftirlitslaus úti eftir lögboðinn útivistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna meðal barna og ungmenna. Á Menningarnótt hefur Barnavernd Reykjavíkur einnig starfað með Miðbæjarathvarfshópnum.

Á Menningarnótt var opið athvarf í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar sem tók á móti börnum og ungmennum sem þurftu aðhlynningu. Starfsmenn miðstöðva voru starfandi í athvarfinu ásamt lögreglumönnum og starfsmönnum félagsmiðstöðva. Bakvaktarstarfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur var um tíma á staðnum en að öðru leyti tiltækur í síma ef þörf krafði. Einnig voru starfandi fjórir gönguhópar, hver þeirra skipaður lögreglumönnum, starfsmönnum miðstöðva og félagsmiðstöðva. Hóparnir hófu störf kl. 15:00 og voru að störfum fram á nótt. Til viðbótar voru tveir hópar skipaðir samfélagslögreglu ásamt starfsmönnum félagsmiðstöðva og miðstöðva. Þar að auki voru Flotinn, félagsmiðstöðvar borgarinnar og félagsmiðstöðvar nágrannasveitarfélaga með níu gönguteymi sem fóru um hátíðarsvæðið börnum og unglingum til stuðnings.

Starfsemin hófst kl. 15:00, eins og gert var á síðasta ári. Mönnun var sambærileg og á síðasta ári en þá var mönnun tvöfölduð frá því sem áður var. Um 40 manns frá Reykjavíkurborg og tæplega 30 frá nágrannasveitarfélögunum komu að störfum Miðbæjarathvarfsins í ár. Auk þess voru ríflega 130 starfsmenn á vegum Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að störfum á Menningarnótt, umfram hefðbundna mönnun. Þeir sinntu margvíslegum verkefnum og stór hópur þeirra var í gönguhópum á hátíðarsvæðinu.

Menningarnótt gekk í heildina vel. Þrátt fyrir rok og rigningu var mikill mannfjöldi í miðborginni, þó nokkuð minni en undanfarin ár. Töluvert var um eftirlitslaus ungmenni á svæðinu. Mest var um hópamyndanir ungmenna við Traðarkot, í portinu við Stjórnarráðið, í Hljómskálagarðinum, í Austurstræti við 10/11 og Mandí, á Hafnartorgi og við Parísarhjólíð. Lögregla hellti niður miklu magni af áfengi alveg frá upphafi vaktar. Þrátt fyrir það var áfengisneysla ungmenna talsverð, einkum hjá þeim sem voru á framhaldsskólaaldri. Hins vegar virtist ofurölvun almennt minni en undanfarin ár.

Mikilvægt reyndist að dagskrá Menningarnæt看ur lauk kl. 22:00. Engu að síður safnaðist mikill fjöldi ungmenna saman eftir flugeldasýninguna. Eftir miðnætti var enn mikill fjöldi ungmenna í miðbænum og töluverð áfengisneysla meðal þeirra. Langflestir voru á framhaldsskólaaldri.

Eins og áður náðu gönguhópar ekki að hafa afskipti af öllum þeim sem hefðu þurft að koma í athvarfið vegna ölvunar. Engin alvarleg ofbeldismál komu upp og lítið var um slagsmál eða önnur sambærileg atvik. Vopnaburður var ekki áberandi. Stemningin var almennt léttari en oft áður.

Alls komu 28 ungmenni í athvarfið, sem er nokkuð fleiri en áður hefur verið. Eitt ungmenni kom tvisvar. Flest voru þau ágætlega á sig komin og fá þeirra mjög mikið ölvuð. Nánast öll voru þau á framhaldsskólaaldri.



Því miður var áfengisneysla ungmenna áberandi á Menningarnótt og ótrúlega mikill fjöldi ungmenna var eftirlitslaus í miðborginni eftir flugeldasýninguna. Mikilvægt er að halda áfram að vinna að því að draga úr þeirri þróun. Sérstaklega á þetta við um ungmenni sem eru að hefja nám í framhaldsskóla og aðra framhaldsskólanema undir 18 ára aldri. Einnig þarf áfram að leggja áherslu á að Menningarnótt sé fjölskylduhátíð og að foreldrar séu samferða ungmönnum heim að hátíð lokinni.

Viðvera lögreglu og starfsfólks Reykjavíkurborgar og nágrennasveitarfélaganna var mjög áberandi á hátíðarsvæðinu sem stuðlaði að góðri stemningu og auknu öryggi.

Samstarf þessara fagaðila gekk vel eins og undanfarin ár og ljóst er að áfram er þörf fyrir samstarf af þessu tagi á Menningarnótt. Það er samdóma mat allra aðila að vel hafi reynst að hefja vinnuna fljótlega eftir hádegi. Hópurinn leggur til að sama fyrirkomulag verði viðhaft á næsta ári, það er að hefja störf snemma dags, halda sambærilegum mannafla og ljúka hátíðinni kl. 22:00.

4. september 2026

Guðrún Halla Jónsdóttir, forvarnarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Hafðís Björg Hrafnkels Hlynisdóttir, lögreglumaður hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
Hjörleifur Steinn Þórisson, verkefnastjóri Flotans
Kristján Helgi Þráinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
Unnar Þór Bjarnason, varðstjóri samfélagslöggæslunnar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu